

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja starfsárið 2006-2007.

Inngangur.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu aðburði líðandi starfsárs Björgunarfélags Vestmannaeyja.

Starfsárið 2006-2007 skipuðu eftirfarandi meðlimir stjórn félagsins:

Formaður: Adolf Hafsteinn Þórsson.

Varaformaður: Bjarni Halldórsson

Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson.

Ritari: Arnar Ingi Ingimarsson

Meðstjórnandi: Hannes Kristinn Sigurðsson.

Varamenn í stjórn: Davíð Smári Hlynsson og Magnús Ingi Eggertsson.

Stjórnin þakkar félagsmönnum Björgunarfélagsins ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

Útköll og verkefni.

17.maí

Beiðni barst frá landstjórn björgunarsveita um hvort við gætum útvegað mannskap í leit af 17 ára gömlum dreng á Grímstöðum á Fjöllum. Svo var leit frestað vegna veðurs. Að kvöldi 22 maí lauk umfangsmikilli leit að Pétri Þorvarðarsyni frá Egilsstöðum. Pétur fannst látinn við Langafell í Hauksstaðaheiði inn af Vopnafirði. Við sendum ekki mannskap í leitina.

24.maí

Útkall F1 Rauður. Farþegabáturinn Víkingur fékk á sig brot norður af Smáeyjum með þeim afleiðingum á tveir brúargluggar brotnuðu. Skipstjórinn sigldi strax í var við Kaplagjótu. Um borð voru 11 krakkar ásamt fararstjórum. Öll sluppu þau ómeidd en ein stúlkan var soldið köld eftir sjóbaðið.

Farið var á Bárinni og Lóðsinum vegna þess að Þór var á þurru.

Fólkið ferjað yfir í lóðsinn með bárinni og neglt fyrir gluggana sem brotnuðu á Víking. Svo var siglt í land.

11.okt.

Óveðursaðstoð klæðning að fjúka af húsi í bænum.

25. október.

Útkall f1 rauður, flugvél á leið til keflavík. útkall kom kl 15:33 og B.S Þór komin af stað kl 15: 40. í flugvélinni voru 170 farþegar og gangtruflanir á tveimur hreyflum. Flugvélin náði að lenda í keflavík og var útkallið afboðað Kl 16;23.

5.nóv.

Óveðurútkall klæðningar og þök víðsvegar um bæinn fjúka.

16.des.

Eldur í F.E.S, aðstoða slökkvilið og lögreglu við verndun vettvangs.



Gjafir og Áheit.

Nokkuð var um gjafir frá félögum og einstaklingum á árinu.

Áhöfnin á Þórunni Sveinsdóttur hélt uppboð á sjómannadag til styrktar félaginu og allur ágóði rann til BV og Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir stuðninginn .

Á árinu fengum við minningargjöf um Halldór Jónsson er fórst þann 9 jan 1957. Guðbjörg S. Sigurjónsdóttir gaf þessa gjöf í minningu um mann sinn og kunnu við henni bestu þakkir fyrir.

Ísfélag Vestmannaeyja færði BV veglega Peningagjöf í tilefni að 105 ára afmæli Ísfélagsins og kunnum við Ísfélagsfólki bestu þakkir fyrir.

Eins og undanfarin ár hefur Frumherji leigt af okkur aðstöðu til skoðunar á bílum og ekki eru áformaðar neinar breytingar á því.

Fjáraflanir.

Sala á Neyðarkalli S.L. hófst þetta árið og salan gekk framur vonum. Nýliðar félagsins sáu um söluna, ágóðinn rann til kaupa á S.L. fatnaði félagsfólks.

Fjallavinna

Eins og undanfarin ár sá Guðni Georgsson um þessa vinnu fyrir Flugstöðir.

Bílamál.

Nokkra breytingar voru á bílafloata félagsins á síðasta starfsári, er það helst að nefna að ákveðið var á síðasta aðalfundi að auka við um einn bíl, og hafa þann bíl staðsettan á Bakkaflugvelli til að auðvelda bæði námskeið, ferðir og einnig að geta tekið þátt í þeim útköllum sem eiga sér stað á fastalandinu.

Í framhaldi af ákvörðun síðasta aðalfundar voru keyptar tvær nýjar bifreiðar frá TOYOTA. Önnur er af gerðinni Toyota Hilux (Lundi 2) og hin er af gerðinni Toyota Hiace (Lundi 3). Gamli Lundi 2 var seldur í framhaldi af þessum kaupum.

Rekstur Lunda1 (Econoline).

Hefur verið með hefðbundnum hætti. Ekki hafa orðið neinar meiri háttar bilanir, nema að settir hafa verið nýjir rafgeymar í bílinn.

Rekstur Lunda2 (PATROL/Hilux).

Eins og segir hér að ofan var Patrolinn seldur á starfsárinu efir að hafa farið í smá viðgerð og mjög ásættanlegt verð fékkst fyrir bílinn.

Í stað patrolsins var keyptur Toyota Hilux og honum breytt á 38" dekk með öllum tilheyrandi aukabúnaði. Toyota aukahlutir sáu um þá breytingu á bílnum og Nethamar sá um allar rafmangns-breytingar á bílnum.



Rekstur Lunda 3 (Hiace)

Gamla Hiace bílnum var fargað. Í stað hans keyptur nýr Toyota Hiace 9manna og var hann merktur og gengið frá í hann aukarafkerfi og annar búnaðar sem á við í björgunarsveitabíl af þessari gerð. Nethamar sá um þá vinnu.

Rekstur Lunda 4 (Hiace).

Var með hefðbundnum hætti en bifreiðin var keypt af ríkiskaupum í september síðastliðnum.

Sjóbúðin.

Nokkur vinna hefur átt sér stað í þessu húsnæði og sér nú fyrir endann á þeirri vinnu. Það er helst að nefna að salernisaðstaða er frágengin og einnig er kominn sturta í húsnæðið. Gengið var frá hitalögnum í minni salinn. Einnig var settur upp stigi og hurð við geymslu sem ætluð er varahlutum og öðru tengdu B.S. Þór. Gengið var frá klifurvegg í endann á stóra salnum og hefur klifurveggurinn verið nokkuð mikið notaður. Nokkuð hefur verið um hópa sem hafa keypt sér aðgang að þessari afþreyingu.

Umgengnin um sjóbúðina hefur ekki verið okkur til framdráttar og er það eitthvað sem við þurfum að laga.

Göngurall.

Því miður var ekkert göngurall haldið þetta starfsárið.

Þjóðhátíð.

Sú breyting varð á aðkomu félagsins að þjóðhátíð að félagið sá ekki um gæslu. Kemur þessi breyting til vegna þess að illa gengur að manna þessa vinnu sem á sér stað á þessari hátíð. Þegar er ekki áhugi hjá félagsfólki að taka þátt í þessu verkefni, þá er ekki til neins að halda því áfram og stjórn félagsins sér ekki nein teikn á lofti að það muni breytast. Félagið sá um flugeldasýninguna á Þjóðhátíðinni eins og undanfarinn ár og tókst það verkefni vel.

Flugeldamál.

Flugeldasala gekk mjög vel.

Við vorum með einn sölustað. Uppsetning hans var með hefðbundnum hætti. Mæting í undirbúninginn var mjög góð og vorum við búinn að gera klárt fyrir sölu vel fyrir jól. Vinnan milli jóla og nýárs var þar með mun léttari, einnig verðum við að vera sátt við útkomuna úr sölunni þó alltaf megi gera betur.

Frágangur eftir flugeldasöluna gekk mjög vel og kemur það til að við eigum öflugan nýliðahóp sem hefur staðið sig vel í þessari fjáröflun.

Birgðahald er unnið eftir reglugerð saman ber aðskildar geymslur og viðvörunarkerfi þannig að þessir hlutir eiga að vera í lagi hjá okkur. Við þurfum engu að síður að fara að huga að stækkun á lageraðstöðu fyrir sölu og geymslu á flugeldum.



Neyðarvörusala.

Í fjölda ára hefur félagið selt neyðarvörur í skip og báta. Eiríkur Þorsteinsson hefur frá upphafi séð um þessa starfsemi félagsins. Á liðnu starfsári gekk salan með hefðbundnum hætti en nú er útlit fyrir því að það verði aukning í þessari sölu hjá okkur og kemur það til að aukningu á skipum sem eru og verða gerð út frá vestmannaeyjum.

Námskeið og æfingar.

Einstaklingur frá okkur sótti námskeiðið Wilderness first response, en þetta er nýu daga námskeið haldið á Gufuskálum.

Í tengslum við nýliðabjálfun voru farnar nokkrar námskeiðsferðir upp á land. Þetta voru meðal annars námskeiðin Fyrsta hjálp 1 og 2, Fjallabjörgun 1, og Björgunarmenn í aðgerðum.

Í tvö skipti var Björgunarskóla S.L. lánaður búnaður vegna námskeiðs á Gufuskálum.

Landsæfing sjór var haldin í Vestmannaeyjum 28.apríl. Þarna æfðu fimm björgunarskip, 16 minni bátar, björgunarkafarar, Sæbjörgin skólaskip S.L, varðskip og þyrila. Voru verkefni fjölbreytt og um 40 talsins. Allt frá köfun í höfninni til bruna í skipi út á sjó.

En samtals voru þátttakendur um 140 talsins. Æfingin hófst klukkan 08:00 um morguninn og var samfellt til klukkan 17:00 .

Þrátt fyrir veðurfræðilegar erfiðar aðstæður til æfinga var fólk sammála um að æfingin hefði verið skemmtileg, krefjandi og reynt á flestar þær aðstæður sem koma upp við Vestmannaeyjar.

Þessi æfing var haldin í umsjón Björgunarfélagsins og bar Bjarni Halldórsson varaformaður B.V. hitann og þungann af skipulagningunni.

Faxastígur 38.

Nú liggur fyrir að húsnæðið þurfi mikið viðhald utanhúss, þar með talið þak, klæðning og gluggar. Þessi mál hafa aðeins verið rædd við meðeigendur okkar á Faxastígunum en það liggur fyrir að þetta sé mikill kostnaður fyrir félögin.

Það sem liggur fyrir í viðhaldi innanhúss er gólfefni í kjallara ásamt eldvarnarhurðum.

Umgengnin í bílskúrnum hefur aðeins lagast en betur má ef duga skal. Við viljum benda á að bílskúrinn er í útleigu og þess vegna verðum við að ganga vel um.



Félagsfundir

Félagsfundir voru þrjár á þessu starfsári og verður það að segjast að þar þarf stjórnin að gera betur. Því að það sjá allir að aðeins þrjár fundir eru engan veginn fullnægjandi til að koma því til skila hvað er að gerast hjá félaginu.

Árshátíð.

Árshátíð var haldin hjá félaginu 25. sept. Mjög góð mæting var og voru skemmtiatriði að hætti hússins ásamt því að grillað var afturdrif án öxla.

Fundir-Þing.

Vorfundur björgunarbátasjóða haldinn í skólaskipinu Sæbjörgu laugardaginn 20. maí. Fjórir félagar frá okkur sóttu fundinn. Þar var meðal annars samþykkt sameiginleg verðskrá fyrir skipin. Þeir sem fóru á okkar vegum voru ánægðir með fundinn.

Haustfundur björgunarbátasjóða var haldinn í Reykjavík 20. okt. Tveir félagar sóttu þennan fund. Þar var kynnt skýrsla starfshóps um skipulag sjóbjörgunarmála við Ísland. Þar sem lagt er til umtalsverðar breytingar varðandi Björgunarskipið Þór.

Nokkrir félagar fóru á ráðstefnuna Björgun sem haldinn var í Reykjavík helgina 20-22. okt. Var það álit fólks að þetta er atburður sem ekki á að láta fram hjá sér fara.

Aukalandsþing var haldið í Reykjavík 25. nóv. Á þessu aukapingi voru einungis ræddar lagabreytingar hjá samtökunum. Á þetta þing fóru fjórir aðilar frá félaginu.

Fulltrúaráðsfundur var haldinn 25. nóv. í Reykjavík. Á fundinn fóru fjórir aðilar frá félaginu. Þar voru málefni samtakanna reifuð.

Erindreki frá Slysvarnafélaginu Landsbjörgu hélt með okkur fund þann 12. feb. Mæting á þennan fund var mjög góð, fékk félagsfólk þar nýjustu upplýsingar hvað hefur verið að gerast hjá samtökunum og hvað er á döfni hjá S.L.

Vorfundur björgunarbátasjóða var haldinn í Vestmannaeyjum 27. apríl. Voru þar ýmis mál rædd meðal annars endurnýjun á skipum víðs vegar um landið og sem og önnur mál sem fyrir lágu.

Spröngukennsla.

Spröngukennsla var með hefðbundnu sniði. Félagar í Björgunarfélaginu hafa séð um þetta verkefni fyrir Vestmannaeyjabæ. Þarna lærir æska Eyjanna þjóðaríþróttina sprang.



Miðvikudagskaffi.

Á hverjum miðvikudagsmorgni klukkan hálf tíu mæta 8-15 meðlimir í kaffi og meðlæti í Björgunarmiðstöðina. Þar er lífsgátan leyst, rætt um þrýstihópa og allt annað sem skiptir máli hverju sinni. Ef að þú hefur ekki enn mætt þá máttu vita að þú ert velkomin.

Bátamál.

Þór fór niður eftir viðhald þann 24 maí 06. Það var skipt um siglingatæki, unnið í vélum (kælum, túrbínur & olíuverkum). Skipið botnmálað, innrétting lökkuð, allt blettað ofandekks og ýmis önnur viðhaldsverk unnin um borð í skipinu. Mætingin var ekki nógu góð.

Það sem ber að nefna að á síðasta starfsári var mikið um æfingar á bátnum og eru skráðar í skipsdagbók 24 æfingar, en alls eru skráðar 49 hreyfingar á skipinu sem er töluverð aukning frá fyrra ári. Minna var um þjónustutúra en oft áður en helst er að nefna að farið var í að mæla í bakkafjöru ásamt minni verkefnum tengdum úteyjum.

Svo var skipið tekið aftur upp til viðhalds 7 apríl 07 og var þá unnið við vélar og skipið botnmálað. Skipið var sjósett aftur 25 apríl.

Keypt voru vesti fyrir áhöfn, farþega og börn. Þetta eru svokölluð pulsuvesti.

Tuðran var töluvert mikið notuð síðastliðið sumar, en umgengnin hefur alls ekki verið nógu góð og það er eitthvað sem við þurfum að laga, til að tuðran sé útkallshæf þegar á reynir. Einnig þurfum við að fara að huga að endurnýjun á tuðrunni.

Umsjónarmaður fyrir tuðruna er Davíð Smári Hlynsson

Búnaðarmál

Settur var upp klifurveggur í sjóbúðinni. Keypta voru festur og annað slíkt frá USA, eftir nánari skoðun var ákveðið að kaupa allan þann búnað sem þarf í kringum þennan vegg. Nú á eftir að klára loftið í veggnum en allt efni er til hjá okkur.

Ákveðið var að kaupa eins fyrstuhjálparbúnað í öll ökutæki félagsins, þannig að ákveðinn búnaður væri alltaf til staðar í bílum félagsins. Og var þessi búnaður pantaður beint að utan.

Nýliðabjálfun.

Nú er kominn 18 mánaða reynsla á þá stefnu sem við tókum í þessum málum og erum við nokkuð ánægð með útkomuna.

Hildur Björk Bjarkadóttir og Davíð Smári Hlynsson sáu um þennan málaflokk hjá félaginu.



SKÝRSLA MINNINGARSJÓÐSINS. FYRIR ÁRIÐ 2005.

Sala minningarkorta gekk vel á síðastliðnu ári .Þóra Egilsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Emma Sigurgeirsdóttir sáu um söluna og hafi þær þökk fyrir.

Ekki var nein umsókn um styrk úr sjóðnum.

Stjórn sjóðsins skorar á félagsmenn og aðra að muna eftir sjóðnum er þeir þurfa að senda minningarkort

Stjórn minningarsjóðsins.
Sigríður Gísladóttir
Guðný Jensdóttir
Guðný Óskarsdóttir

Nýliðastarf veturinn 2006-2007

Starfið hófst strax í september en þá tók Hildur Björk við starfi Halldórs Inga sem nýliðaþjálfari þar sem hann flutti til Reykjavíkur. Sex strákar komu inn sem nýliðar 1 og þeir sem voru nýliðar 1 færðir upp í nýliða 2 og voru þeir þá alls 13.

Mætingin hefur verið mjög góð en hittum við nýliða 2 á þriðjudagskvöldum og nýliða 1 á miðvikudagskvöldum. Haldnar hafa verið sameiginlegar æfingar einu sinni til tvisvar í mánuði þar sem nýliðar 2 skipuleggja æfingarnar í samráði við nýliðaþjálfara. Þessar æfingar hafa tekist ákaflega vel og höfum við meðal annars æft fjallabjörgun, skyndihjálp, sjóbjörgun og þess háttar.

Farið var á nokkuð mörg námskeið í vetur bæði hér heima og upp á landi. Þessar ferðir hafa yfirleitt heppnast mjög vel sem að skilar sér vel inn í starfið okkar. En þar má nefna námskeið á borð við Fyrstu hjálp 1 og 2, Fjallabjörgun 1, Skotstjóranámskeið, Fjarsskipti og Björgunarmenn í aðgerðum.

Við höfum verið í samstarfi við unglिंगadeild Árborgar. Höfum við verið með þeim á námskeiðum og svo komu þau í heimsókn til okkar helgina 23.-25. febrúar. Sú heimsókn heppnaðist mjög vel. Þar var meðal annars farið í póstakeppni, hellaferð og bátsferð. Grillað var svo um kvöldið og náðu krakkarnir að kynnast vel og haldast þessi sambönd enn í dag sem að er mjög gott.

Nýliðarnir hafa verið mjög áhugasamir og duglegir í vetur og hafa veitt mikla hjálpu í öðrum þáttum innan félagsins eins og til dæmis flugeldasölu og því sem að tengist henni, tiltektum og núna síðast Landsæfingunni þar sem að þeir hjálpuðu mikið við undirbúning ásamt því að vera sjúklingar.

Við vonum að nýliðarnir hafi verið jafn ánægðir með veturinn eins og við. En við erum mjög ánægð með þá og hafa þeir staðið sig með þryði og hlakkar okkur til að starfa meira með þeim innan félagsins á komandi árum.

Davíð Smári Hlynsson
Hildur Björk Bjarkadóttir

Úr skipsbók björgunarskipsins ÞÓRS.

24.maí.

Þór settur niður eftir viðhald.Smá prufutúr og báturinn gekk 27 sml.

6.júní.

Gæsla vegna tuðrudags.

9.júní.

Farið úr höfn vegna tuðru sem losnað hafði frá Keikó-kvinni og rekið upp í fjöru í Klettvík.

10.júní.

Gæsla vegna sjómannadags.

13 júní.

Farið út í æfingatúr.

15 júní.

Farið út í æfingatúr.Farið um höfnina og út í Bjarnarey.

16.júní.

Farið út í æfingatúr.

18.júní.

Farið út í æfingatúr.

22.júní.

Farið með hóp út í Bjarnarey.

22.júní.

Þjónustuferð í Surtsey.Farið með hóp út í Surtsey.

23.júní.

Farið að sækja hóp út í Bjarnarey.

24.júní.

Þjónustuferð í Surtsey.Farið að sækja hóp út í Surtsey.

25.júní.

Þjónustuferð.Skotti VE olíulaus farið með olíu til hans og aðalvél komið í gang en síur reyndust stíflaðar þannig að báturinn var dreginn í land.

26.júní.

Farið út í æfingatúr.

27.júní.

Farið út í æfingatúr.

6.júlí.
Farið út í æfingatúr.

7.júlí.
Farið út í æfingatúr.

8.júlí.
Þjónustuferð í Elliðaey fyrir Eyverja.Farið með hóp og hann síðan sóttur seinna um kvöldið.

9.júlí.
Farinn mælingatúr í Bakkafjöru og síðan í æfingatúr.

10.júlí.
Farið í kynningarferð með nýliða.

19.júlí.
Æfingaferð með nýliða.

20.júlí.
Farið út í æfingatúr.

22.júlí.
Þjónustuferð með kafara í Sportkafarafélaginu.

24.júlí.
Farið út í æfingatúr.

25.júlí.
Farið út í æfingatúr.

26.júlí.
Farið með kafara út í Faxabót.Og svo í útsýnisferð með danska skáta.

29.júlí.
Þjónustuferð í Brandinn svo var farinn æfingatúr.

31.júlí.
Farið út í Æfingatúr.

2.ágúst.
Farið út í Æfingatúr.

4.ágúst.
Farin útsýnisferð með björgunarsveitarmenn ofan af landi.

5.ágúst.
Þjónustuferð í Þorlákshöfn.Farið var með hljómsveitina Stuðmenn.

9.ágúst.
Farinn mælingatúr í Bakkafjöru.

18.ágúst.
Farið út í Æfingatúr.

24.ágúst.
Farið út í Æfingatúr.

29.ágúst.
Farið út í Æfingatúr.

2.sept.
Farið út í Æfingatúr.

2.okt.
Farið út í Æfingatúr.

7.okt.
Farið út í Æfingatúr

18.okt.
Mælingatúr í Bakkafjöru.

25. okt.
Útkall f1 rauður, flugvél á leið til keflavík. útkall kom kl 15:33 og B.S Þór komin af stað kl 15: 40. í flugvélinni voru 170 farþegar og gangtruflanir á tveimur hreyflum. Flugvélin náði að lenda í keflavík og var útkallið afboðað Kl 16;23.

28.okt.
Farið út í Æfingatúr.

17.des.
Farið út í Æfingatúr.

26.des.
Farið út í Æfingatúr.

28.des.
Farið út í Æfingatúr

9.jan.
Mælingatúr í Bakkafjöru

1.feb.
Farinn útsýnisferð með krakka úr Barnaskólanum.

7.feb.
Farið í Æfingatúr með nýliða félagsins.

9.feb.
Farið í Æfingatúr.

11.feb.
Farið í Æfingatúr.

24.feb.
Farinn útsýnisferð með nýliða frá selfossi.

29.mars.
Farið í Æfingatúr.

2.apríl.
Farið í Æfingatúr.

3.apríl.
Farið í Æfingatúr.

10.apríl.
Farið í æfingaferð með Lubbunni og hún dregin í höfn

28.apríl.
Skipið notað mikið við landsæfingu.

30.apríl.
Farið í Æfingatúr.

2.maí.
Farið í Æfingatúr.

4.maí.
Eftirlitsferð í faxasker.

6.maí
Farið í Æfingaferð.